

103 — *Brjef landshöfðingja til Bjarnar ritstjóra Jónssonar í Reykjavík um útgáfu*
28. júlí. kennslubóka í dýrafræði og steinafræði. — Eptir að þjer, herra ritstjóri, hafið í brjefi frá 27. p. m. boðizt til að taka að yður að kosta útgáfu kennslubóka, er adjunkt Benidikt Gröndal hefir samið í steinafræði og dýrafræði, með 15 kr. styrk fyrir hverja örk, í því broti, sem höfundurinn óskar, auk ókeypis handrits og prófarkalesturs, og þannig, að þjer fáið helming styrksins greiddan, þegar prentunin er hálfnuð, en hinn helminginn þegar henni er lokið, veiti jeg yður hjer með tjeðan styrk, með því skilyrði, að þjer, ef eigi stendur á prófarkalestri, hafið lokið prentun á svo miklu af ritum þessum í haust, áður en kennslan byrjar í skólanum, að hlutaðeigandi kennari geti notað þau við kennsluna, og að prentuninni að öðru leyti verði haldið áfram svo fljótt, að nefndur kennari geti ekkert þar út á sett; og að þjer seljið bókina við sem vægustu verði, eigi dýrara en á 20 a. örkina.

104 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fram-*
3. ágúst. færslu sveitarómaga. — Eptir að þjer, herra amtmáður, hafið tjáð mjer álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi á úrskurði yðar frá 25. marz f. á., er ákveður, að þeim hreppi, sem var á dánardægri framfærsluhreppur Jóns Jónssonar frá Dölum á Vestmannaeyjum, beri framvegis að sjá fyrir ekkju hans, Ólöfu Ólafsdóttur, og endurgjalda Vestmannaeyjahreppi það, sem henni þar hefir verið lagt úr sveitarsjóði, skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda tjáð það, er nú skal greina

Hinn fráfallni maður ekkju þeirrar, er hjer á í hlut, fluttist í Vestmannaeyjar í maímánuði vorid 1864, úr Leiðvallahreppi, sem hefir viðurkennt, að hann þá var þar sveitlagur; en 13. marz 1874 drukknaði hann. Að vísu sjest það á skjölum málsins, að ekkjan hefir síðan setið í óskiptu búi á Vestmannaeyjum, án þess að þiggja af sveit, að minnsta kosti til næstu fardaga, en þetta atriði virðist ekki geta komið til greina gegn ákvörðuninni í 6. gr. reglugj. 8. janúar 1834, en eptir þeirri grein heldur gipt kona framfærslusveit þeirri, er maður hennar átti á dánardægri, þangað til hún ávinnur sjer sjálf nýjan framfærsluhrepp.

Jeg verð þess vegna að vera amtmanninum samdóma að því er snertir úrslit þessa máls, og staðfestist hjer með úrskurður amtsins frá 25. marz f. á., þannig, að Leiðvallahreppi ber að framfæra ekkjuna Ólöfu Ólafsdóttur, og endurgjalda Vestmannaeyjahreppi það, sem henni þar hefir verið lagt úr sveitarsjóði.

105 — *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu*
9. ágúst. um útbýtingu á styrk til jarðabóta handa norður- og austurumdæminu. Með brjefi þessu úthlutaði landshöfðingi nokkru af fje því, sem veitt var í 10. gr. fjárlaganna, C, 5, til jarðabóta, þannig, að þessir námspiltar í búnaðarskólum í Noregi skyldu fá styrk til að halda áfram námi sínu: Jón Eiríksson frá Þorgerðarstöðum í Fjótssdal, Páll Jónasson frá Þverá í Þingeyjarsýslu og Pjetur Pjetursson frá Sólheimum í Húnavatnssýslu 200 kr. hver, og Guttormur Vigfússon frá Arneidarstöðum í Suður-Múlasýlu 160 kr.; og að Þórunn Halldórsdóttir frá Hofi í Vopnafirði skyldi fá 200 kr. styrk til að kaupa fyrir mjólkuráhöld, en ef hún, sem heyrzt hefði, skilaði fjenu